

Fjárfesting til framtíðar Í tilefni af umræðu um niðurskurð til háskóla

Inngangur

Að undanförnu hefur því verið haldið fram að á árunum eftir efnahagshrunið 2008 hafi niðurskurður fjárveitinga til Háskóla Íslands verið minni en til annarra innlendra háskóla. Hér er um misskilning að ræða sem ástæða er til að leiðréttta. Eftir efnahagshrunið haustið 2008 hafa opinber framlög til Háskóla Íslands dregist saman um 18% að raunvirði. Að auki fíllu niður áformaðar greiðslur samkvæmt sérstökum samningi um kennslu og rannsóknir. Sú aðgerð fólk í sérfrestun á tveggja milljarða króna skuldbindingu af hálfu ríkisins sem ekki er útlit fyrir að verði að raunveruleika. Þrátt fyrir þessi áföll brást Háskóli Íslands skjótt og vel við áskorun stjórvalda um að opna dyr sínar fyrir stórum hópi ungs fólks sem missti vinnu sína í kjölfar hrunsins. Á tímabilinu 2008–2012 hefur ársnemendum (nemendum í fullu námi) við Háskóla Íslands fjölda um 1.430 eða um 18%. Þessi fjölgun svarar til samanlagðs fjölda ársnemenda við Háskólann á Akureyri og Háskólann á Hólum eða um 63% af ársnemum við Háskólann í Reykjavík. (Heimild: Fjárlagafrumvarp 2013).

Mikil fjölgun nemenda og raunlækkun fjárveitinga á sama tíma hefur verið afdrifarík fyrir allt starf Háskóla Íslands. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011 og enn frekar fyrir árið 2012 kom glögglega í ljós hversu aðþrengd einstök fræðasvið og deildir háskólans eru fjárhagslega vegna niðurskurðar undanfarinna ára. Lækkun fjárveitinga til Háskóla Íslands hefur m.a. leitt til þess að valnámskeiðum hefur fækkað, dæmahópar hafa stækkað, dregið hefur úr verklegri kennslu, álag á kennara hefur stóraukist, hægt hefur verulega á nauðsynlegri endurnýjun tækjabúnaðar og laun starfsfólks hafa lækkað þó að vinnuálag hafi aukist.

Að óbreyttu blasir við að skerða þurfi enn frekar þjónustu við nemendur sem þegar er komin að þolmörkum. Áætlað er að árið 2012 verði 600 ársnemendur í Háskóla Íslands án þess að kennsluframlag fylgi þeim. Enginn annar háskóli á Íslandi menntar slíkan fjölda nemenda án fjárframлага.

Þrátt fyrir mikla fjölgun nemenda hefur starfsmannafjöldi staðið í stað. Vaxandi ólga er meðal starfsfólks vegna bágra launakjara og á það ekki síst við um yngri kennara og stundakennara. Raunveruleg hætta er á að kennrarar sætti sig ekki lengur við þau kjör sem þeim bjóðast og að skólanum takist ekki að ráða til sín ungt og dugmikið fólk vegna lélegra kjara og aðstöðu.

Stundakennrar annast um 30% af allri kennslu við Háskóla Íslands. Þetta háá hlutfall er óásættanlegt en ekki hefur verið unnt að fylga föstum kennurum vegna fjárvorts. Hver fastur kennari við Háskóla Íslands sinnir miklu fleiri nemendum en kennrarar við sambærilega erlenda háskóla. Sama gildir um fjölda starfsmanna í stjórnsýslu og stoðþjónustu.

Starfsmenn Háskóla Íslands hafa á þessum sama tíma unnið þrekvirki með því að viðhalda öflugu rannsóknastarfi við skólann, ekki síst með aukinni sókn í erlenda rannsóknasjóði. Nýlegur 950 milljóna króna Evrópustyrkur til *Ofurstöðvar í eldfjallafræði* er skýrt dæmi um þennan góða árangur. Almennt hafa tekjur Háskóla Íslands úr erlendum samkeppnissjóðum aukist um 70% frá 2008 til 2011 og námu þær rúmlega 1.100 milljónum króna árið 2011. Háskóli Íslands keppir við marga af bestu háskólum heims um slíka styrki. Árangur háskólans staðfestir sterka faglega stöðu hans og þann mikla mannað sem Háskóli Íslands og samstarfsstofnanir hans hér á landi búa yfir. Þessar auknu erlendu sértekjur hafa enn fremur skapað rúmlega 300 ársverk meistara-

og doktorsnema á tímabilinu 2008–2011. Ef tryggja á áframhaldandi árangur þarf að gera háskólanum kleift að halda í sitt góða starfsfólk og ráða til sín unga og efnilega vísindamenn. Að öðrum kosti er hætt við að einn helsti vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi visni.

Röðun háskóla skv. matslista Times Higher Education

Þau ánægjulegu tíðindi bárust í byrjun október að Háskóli Íslands hefur færst ofar á lista *Times Higher Education* yfir fremstu háskóla í heimi og er hann nú í 271. sæti. Um 17.000 háskólar eru starfandi í heiminum og er Háskóli Íslands á meðal 2% bestu háskóla heims. Þetta er stórkostlegur árangur fyrir 320.000 manna þjóð og glöggur vitnisburður um faglegan metnað og ósérhlífini starfsfólks og nemenda Háskóla Íslands og samstarfsaðila hans. Mikilvægt er að átta sig á því að röðun *Times Higher Education* byggir á gögnum undangenginna 5–6 ára. Áhrifa niður-skurðarins í kjölfar efnahagshrunsins gætir því aðeins að litlu leyti í mati ársins 2012. Nú þegar sjást ýmis teikn á lofti um yfirvofandi samdrátt í afköstum og árangri háskólans sem að óbreyttu getur skaðað markvisst uppbyggingarstarf undangenginna ára. Eftir efnahagshrunið hefur styrkum til doktorsnema fækkað, endurnýjun tækja dregist saman, efniskostnaður vaxið og kennsluálag aukist. Það er fjarri því að vera sjálfgefið að sterk staða Háskóla Íslands í alþjóðlegu samhengi sé trygg.

Fjárveitingar í alþjóðlegum samanburði

Aldarafmælissjóður Háskóla Íslands, sem stofnaður var fyrir tilstuðlan ríkisstjórnar Íslands og Alþingis á aldarafmæli skólans, hefur það meginmarkmið að fjárveitingar á hvern nemanda við skólann samsvari meðaltali fjárveitinga OECD-ríkjanna árið 2016 og nái meðaltali Norðurlandanna árið 2020, en Háskóli Íslands er oft borinn saman við hliðstæða alhliða norræna háskóla. Fyrir skömmu kom út skýrsla OECD, *Education at a Glance 2012*, sem byggð er á gögnum frá árinu 2009. Sýnir skýrslan svo ekki verður um villst að framlag á hvern nemanda dróst saman á Íslandi á milli ára en hækkaði almennt á Norðurlöndunum. Árið 2008 hafði Háskóli Íslands um 58% af þeim fjárveitingum til ársnemenda sem sambærilegir háskólar höfðu á Norðurlöndunum en þetta hlutfalli lækkaði í 53% árið 2009.

Samanburður á nemendaframlögum til Háskóla Íslands, hvort heldur sem er við háskóla innan OECD eða lægri skólastig á Íslandi (grunn- og framhaldsskóla), sýnir svo ekki verður um villst hversu illa er búið að Háskóla Íslands.

Háskóli Íslands hefur sýnt það í verki að hann er reiðubúinn að axla ábyrgð við uppbyggingu íslensks efnahags- og atvinnulífs til framtíðar. Dýrmætasta framlag Háskóla Íslands til íslensks samfélags er að kvika ekki frá settu marki og stefna áfram að afburðaárangri í menntun, vísindum og nýsköpun. Framlag íslensks samfélags til Háskóla Íslands með það að markmiði að tryggja árangur hans er fjárfesting til framtíðar.